



Fundargerð stjórnar HSÍ

Fimmtudaginn 4. mars 2021



Tólfti fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Daði Hafþórsson, Davíð B. Gíslason og Jón Viðar Stefánsson.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Bráðabirgðaruppgjör 2020
AP kynnti bráðabirgðaruppgjör fyrir árið 2020.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. A landslið karla, undankeppni EM og HM í Egyptalandi
RG kynnti þau verkefni sem eru framundan hjá landsliðunum okkar. A landslið karla á að leika við Ísrael 11. Mars en vandamál er þar með flug þar sem flugið til Ísrael var fellt niður. RG vinnur að lausn. Þá fer kvennalandsliðið til Makedóníu 14. Mars og leikur 3 leiki í forkeppni HM. Ákveðið var að fara snemma til Makedóníu vegna sóttkvíar mála.
4. Tímasetning ársþings og formannafundar
Stefnt er að því að halda ársþing HSÍ mánudaginn 12. apríl. RG mun boða þingið fyrir helgi. Halda þarf formannafund í lok næstu viku. Stjórnarmenn sem eru í framboði eru beðnir um að gera upp hug sinn um helgina. Engar sérstakar lagabreytingar liggja fyrir eins og staðan er.
5. Samningur við Genius Sport
5 ára samningur liggur fyrir við Genius Sport. RG vinnur málið áfram.
6. Lokahóf HSÍ
Verðlaun á lokahófi verða unnið áfram með Stöð 2 og tekur skrifstofan málið áfram.
7. Önnur mál
 - a. Rætt var um það álag sem rætt hefur verið um í Olís deild karla. RG mun aðeins þreifa á aðildarfélögum.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður fimmtudaginn 18. mars kl.11.45.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari